

Eco-Garden ehf.
Lambhagavegi 9
113 Reykjavík

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202404-342/E.S.
07.07.02

Efni: Tímabundin stöðvun markaðssetningar á vörunni Dicophar SL

Umhverfisstofnun vísar til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu, dags. 14. maí 2024, þar sem greint er frá því að við skoðun stofnunarinnar hjá Eco-Garden ehf., Lambhagavegi 9, 113 Reykjavík, kom í ljós að fyrirtækið markaðssetur plöntuverndarvöruna **Dicophar SL**, í 5 L umbúðum, sem ekki hefur markaðsleyfi hér á landi og uppfyllir af þeim sökum ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 544/2015 sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim, sbr. XI. kafla laganna.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni, valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra, né á umhverfi og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Plöntuverndarvörur þurfa markaðsleyfi sem Umhverfisstofnun gefur út, sbr. 35. gr. efnalaga og 5. gr. reglugerðar nr. 544/2015, sbr. og reglugerð (EB) nr. 1107/2009. Samkvæmt 35. gr. efnalaga er óheimilt að markaðssetja og nota plöntuverndarvörur sem ekki hafa markaðsleyfi. Plöntuverndarvörur skal setja á markað undir því heiti sem tilgreint er í markaðsleyfi. Í markaðsleyfi er tilgreind sú vara sem leyfið nær til, leyfileg notkun hennar og þær takmarkanir sem gilda. Leyfileg stærð umbúða plöntuverndarvöru á markaði er einnig tilgreind í markaðsleyfi, sbr. 38. gr. efnalaga og 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

Eins og greint er frá í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu markaðssetur Eco-Garden ehf. plöntuverndarvöruna Dicophar SL í 5 L umbúðum en varan er ekki með markaðsleyfi á Íslandi. Við afhendingu Dicophar SL lætur Eco-Garden ehf. fylgja með lausa merkimiða fyrir aðra vöru, þ.e. vöruna Dicotex. Samkvæmt yfirlýsingu frá framleiðanda og öryggisblöðum er Dicophar SL sambærileg vörunni Dicotex að efnasamsetningu en Dicotex hefur markaðsleyfi á Íslandi, sbr. markaðsleyfi nr. UST202303-184. Samkvæmt markaðsleyfinu fyrir Dicotex er heimilt að markaðssetja vöruna í eftirfarandi umbúðastærðum; 100 mL, 500 mL og 1,5 L umbúðum. Ekki er heimilt að markaðssetja Dicotex í öðrum umbúðastærðum.

Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning á vörunni Dicophar SL sem ekki hefur markaðsleyfi, gegn ákvæðum efnalaga og reglugerðar um plöntuverndarvörur. Með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni eða bjóða hana fram, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds.

Um brot gegn ákvæðum efnalaga og reglugerða settra skv. þeim fer samkvæmt ákvæðum XIII. og XIV. kafla laganna og er Umhverfisstofnun m.a. heimilt, skv. 57. gr. laganna, að

stöðva markaðssetningu á vöru þegar í stað þegar grunur leikur á að varan uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í því felst að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu eða innkallað tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni, þar til úr hefur verið bætt.

Með hliðsjón af framangreindu stöðvar Umhverfisstofnun hér með tímabundið markaðssetningu vörunnar Dicophar SL í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 57. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í því felst að markaðssetning og notkun vörunnar er með öllu óheimil en Eco-Garden ehf. skal geyma vöruna með öruggum hætti þar til úr hefur verið bætt þannig að varan geti talist uppfylla skilyrði efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 544/2015 til að vera á markaði.

Umhverfisstofnun veitir Eco-Garden ehf. frest til 6. júní 2024 til að verða við kröfum stofnunarinnar um úrbætur. Senda skal staðfestingu á að úrbætur hafi verið gerðar á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202404-342. Fyrirtækinu er veittur sami frestur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Það skal áréttað, þrátt fyrir veittan frest til að gera athugasemdir, að **tímabundin stöðvun markaðssetningar á vörum tekur gildi nú þegar**. Komi í ljós að liðnum veittum fresti að varan uppfylli ekki skilyrði efnalaga og reglugerða í samræmi við framangreint er Umhverfisstofnun **heimilt að beita frekari þvingunarúrræðum í samræmi við XIII. kafla efnalaga til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum**.

Það athugast að upplýsingar um beitingu úrræðisins verða birtar á vefsíðu Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 49. gr. efnalaga en samkvæmt ákvæðinu skal stofnunin birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða verður innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. [1410/2023](#) þegar málslok liggja fyrir.

Upplýsingar um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar¹. Eco-Garden ehf. er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Kristínar Silju Guðlaugsdóttir, í síma 591- 2000 eða í gegnum netfangið kristin.s.gudlaugsdottir@umhverfisstofnun.is, til að fá frekari upplýsingar og aðstoð.

Virðingarfyllst,

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Eva B. Sólan Hannesdóttir
lögfræðingur

Meðfylgjandi er eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar dags. 14. maí 2024.

¹ <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/> og <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/markadssetning-plontuverndarvara-vegvisir/>